

180. aðalráðstefna
Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu
október 2010

„Ó, hin slægvitra áætlun hins illa“

Öldungur M. Russell Ballard
í Tólfpostulasveitinni

Bræður og systur, koma haustsins hér í Klettafjöllunum færir okkur dýrðlega liti haustlaufanna sem breytast úr grænu í skæra appelsínugula, rauða og gula liti. Á haustin verða umskiptin mikil í náttúrunni þegar hún býr sig undir kalda og óblíða fegurð vetrarins.

Haustið er einstaklega spennandi tími fyrir fluguveiðimennina, því að á þeim tíma knýr óseðjandi hungrið silunginn til að vernda sig gegn átuskorti vetrarins.

Takmark fluguveiðimannsins er að veiða silunginn með slunginni blekkingu. Hinn þjálfaði veiðimaður kynnir sér hegðun silungsins, veðrið, strauma vatnsins og skordýrategundir sem silungurinn etur og hvenær þau skordýr klekjast. Hann handhnýtir sjálfur þá beitu sem hann notar. Hann veit að þessi gerviskordýr, með duldum, örsmáum krókum, þurfa að vera fullkomin, því silungurinn mun þekkja jafnvel hinn minnsta galla og hafna flugunni.

Hve hrífandi það er að sjá silunginn skjótast upp úr vatninu, gleypa fluguna og berjast á móti uns hann gefst að lokum upp og er dreginn á land. Það reynir á þekkingu og leikni veiðimannsins gegn hinum göfuga silungi.

Notkunin á tilbúinni beitu til að blekkja og veiða fiskinn er dæmigerð um hvernig Lúsifer reynir oft að blekkja okkur og snara.

Líkt og fluguveiðimaðurinn, sem veit að hungrið knýr silunginn, veit Lúsifer um „hungur“ okkar eða veikleika og freistar okkar með fölskum tálbeitum, sem munu, ef við tökum þær, draga okkur úr lífsstraumnum inn í miskunnarlaus áhrif hans. Og ólíkt veiðimanninum sem veiðir fiskinn og sleppir honum ósködduðum aftur út í vatnið, mun Lúsifer ekki sjálfviljugur sleppa takinu. Markmið hans er að gera fórnarlamb sitt jafn vansælt og hann er sjálfur.

Lehí sagði: „Og þar eð hann [Lúsifer] hafði fallið af himnum ofan og orðið vansæll að eilífu, sóttist hann einnig eftir vansæld alls mannkyns“ (2 Ne 2:18).

Ég tek undir með bræðrum mínum að Lúsifer er leikin og slungin vitsmunavera. Í einni aðalaðferð hans gegn okkur notar hann leikni sína við að ljúga og blekkja til að sannfæra okkur um að illt sé gott og gott sé illt. Allt frá upphafi á stórþingi himins reyndi Satan „að tortíma sjálfræði mannsins, sem ég, Drottinn Guð, hafði gefið honum. Og hann varð Satan, já, sjálfur djöfullinn, faðir allra lyga, til að blekkja og blinda mennina og leiða þá ánauðuga að vilja sínum“ (HDP Móse 4:3–4).

Baráttan um sjálfræði mannsins, sem Guð gaf, heldur áfram í dag. Satan og skósveinar hans leggja snörur sínar allt umhverfis okkur í von um að við sofnum á verðinum, tökum flugur hans og hann geti veitt okkur með blekkingum sínum. Hann notar ávanabindingu til að stela sjálfræði okkar. Í orðabók hans táknar hvers konar ánetjun það að gefast upp fyrir einhverju, gefa þannig eftir sjálfræði sitt og verða háður einhverju tortímandi efni eða hegðun.¹

Rannsóknarfólk segir að í heila okkar sé svæði sem kallast vellíðunarstöð.² Þegar ákveðin lyf eða hegðun örva hana tekur hún völdin af þeim hluta heilans sem stjórnar viljakrafti, dómgreind, rökvísi og siðsemi. Það verður til þess að fikillinn víkur frá því sem hann veit að er rétt. Þegar það gerist festist krókurinn og Lúsifer tekur völdin.

Satan veit hvernig á að ræna okkur ráði og snara okkur með því sem er óekta og veitir stundaránægju. Ég hef orðið vitni að áhrifunum á fjölskyldur, þegar maðurinn reynir að ná aftur stjórninni, að losna undan tortímandi misnotkun og fíkn, og öðlast sjálfsvirðingu og sjálfstæði.

Sum mest ávanabindandi *lyfín* sem geta ráðist á heilann og svipt manninn sjálfræði eru: Nikótín; ópíum – heróín, morfín og önnur kvalastillandi lyf; taugastillandi lyf; kókaín; áfengi; marijúana og amfetamín.

Ég er þakklátur læknum sem hafa þekkingu til að gefa tilvísun á rétt lyf til að lina sársauka og þjáningar. Því miður eru of margir í samfélagi okkar í dag, þar á meðal nokkrir meðlima okkar, sem ánetjast slíkum lyfjum og misnota þau. Lúsifer, faðir allra lyga, veit þetta og notar áhrif sín til að ræna þá sjálfræðinu og fjötra þá með skelfingarhlekkjum sínum (sjá 2 Ne 28:22).

Nýlega ræddi ég við systur sem var á geðdeild sjúkrahússins á staðnum. Hún sagði mér frá hörmulegri ferð sinni úr ágætri andlegri og líkamlegri heilsu, yndislegu hjónabandi og fjölskyldu, inn í andleg veikindi, versnandi heilsu og sundrung fjölskyldu hennar – sem allt byrjaði með misnotkun á lyfseðilsskyldum verkjapillum.

Tveimur árum fyrir samræður okkar skaddaðist hún á baki í umferðarslysi. Læknir hennar skrifaði upp á lyf til að lina næstum óbærilegar kvalir hennar. Hún taldi sig þurfa eitthvað sterkara, falsaði því lyfseðil og greip að lokum til heróíns. Þetta leiddi til

handtöku hennar og fangelsunar. Fíkn hennar í lyfin leiddi til hjónaskilnaðar. Eiginmaðurinn skildi við hana og fékk forræði yfir börnunum. Hún sagði mér að auk þess að deyfa sársaukann hafi lyfin einnig veitt henni skammtíma sæluvímu og vellíðan. En hver skammtur af eiturlyfjum dugði aðeins í nokkrar stundir og með hverri notkun varaði líknin skemur. Hún fór að taka meira og meira af lyfjunum og festist í grimmilegri hringrás ánetjunar. Hún lifði fyrir eiturlyfjin. Kvöldið áður en ég ræddi við hana reyndi hún að fremja sjálfsvíg. Hún sagðist ekki lengur geta tekist á við þennan líkamlega, tilfinningalega og andlega sársauka. Hún sá enga útgönguleið – enga von.

Vandi þessarar systur varðandi lyfseðilsskyld og önnur lyf er ekki einstæður; hann er allt umhverfis okkur. Á sumum stöðum deyja fleiri vegna misnotkunar lyfja en deyja í umferðarslysum.³ Bræður og systur, haldið ykkur fjarri þeim efnum sem geta veitt ykkur í gildru. Jafnvel ein innöndun eða ein tafla eða einn sopi af áfengi getur leitt til ánetjunar. Óvirkur alkóhólisti sagði mér að aðeins einn sopi skipti sköpum milli ánetjunar og að haldast algáður. Satan veit þetta. Látið hann ekki krækja í ykkur með sinni gervibeitu, sem getur orðið ávanabindandi.

Bræður og systur, ég bið ykkur að misskilja ekki það sem ég segi. Ég er ekki að rengja ágæti tilvísana á lyf fyrir þá sem þjást af veikindum eða miklum líkamlegum verkjum. Þær eru vissulega til blessunar. Það sem ég segi er að við þurfum að fylgja nákvæmlega fyrirmælum læknanna. Og við þurfum að geyma slík lyf á öruggum stað, þar sem börn eða aðrir geta ekki náð til þeirra.

En við höfum einnig miklar áhyggjur af ýmiskonar skaðlegri og ánetjandi hegðun og má þar nefna fjárhættuspil og siðspillandi klám, sem eru svo skaðleg og hömlulaus í þjóðfélagi okkar. Munið, bræður og systur, að hvers konar ánetjun er eins konar uppgjöf, að gefa þannig frá sér sjálfræði sitt og verða háður einhverju. Bæta má tölvuleikjum og SMS skilaboðum við þann lista. Sumir „spilarar“ segjast eyða um 18 stundum á dag í stigvaxandi tölvuleiki, allt annað í lífi þeirra er vanrækt. SMS skilaboð geta orðið ánetjandi og valdið því að mikilvæg mannleg samskipti glatast. Fyrir nokkru sagði biskup einn mér frá tveimur unglíngum sem stóðu hlið við hlið og sendu hvor öðrum skilaboð frekar en að tala saman.

Læknisfræðin lýsir ánetjun sem „sýkingu í heila.“⁴ Þetta er rétt, en ég trúi því að þegar Satan hefur náð taki á einhverjum, þá verði það sýking í anda. En einu gildir hver ánetjunin er sem nær taki á okkur, það er alltaf von. Spámaðurinn Lehi kenndi sonum sínum eilífan sannleika:

„Þess vegna eru menn frjálssir í holdinu, og allt er þeim gefið, sem mönnum er nauðsynlegt. Og þeim er frjálst að velja frelsi og eilíft líf fyrir atbeina hins mikla meðalgöngumanns allra manna, eða velja helsi og dauða í samræmi við ánauð og vald djöfulsins“ (2 Ne 2:27).

Ef einhver sem hefur ánetjast þráir að sigrast á því, þá er til leið til andlegs frelsis – leið til að losna úr fjötrum – leið sem hefur sannað sig. Hún hefst með bæn – einlægum, heitum og stöðugum samskiptum við skapara anda okkar og líkama – himneskan föður okkar. Það er sama reglan þegar við reynum að hætta slæmum vana eða iðrast af einhvers konar synd. Forskriftina að því að hjarta okkar, líkami, hugur og andi gjörbreytist má finna í ritningunum.

Spámaðurinn Mormón ráðlagði okkur: „Biðjið þess vegna til föðurins, ástkæru bræður mínir, af öllum hjartans mætti, að þér megið fyllast þessari elsku...að þér megið verða synir Guðs. ...að vér megum verða hreinir eins og hann er hreinn“ (Moró 7:48).

Þessar og margar aðrar ritningargreinar vitna fyrir okkur að það er von fyrir hina ánetjuðu og sú von gefst fyrir friðþægingu Jesú Krists og með því að auðmýkja sig frammi fyrir Guði, biðja um að losna úr ánaud ávanafíknar og fórna honum allri sálu okkar í heitri bæn.

Prestdæmisleiðtogar geta hjálpað þegar þeir sem ánetjast leita ráða þeirra. Ef nauðsyn krefur geta þeir vísað þeim til hæfra fagráðgjafa hjá Fjölskylduþjónustu SDH. Meðferð vegna ávanafíknar, lagað að hinum upprunalegu 12 sporum AA-samtakanna er auðveldlega aðgengileg gegnum Fjölskylduþjónustu SDH.

Ég endurtek við þá sem eiga í vanda vegna sinnar eigin ávanafíknar eða einhvers úr fjölskyldunni, að heit bæn er lykillinn að því að öðlast andlegan styrk og frið til að sigrast á ávanabindandi fíkn. Faðir okkar á himnum elskar öll börn sín, þakkið honum og látið í ljós einlæga trú á hann. Biðjið hann um styrk til að sigrast á ávanafíkn ykkar. Leggið til hliðar allt stolt og beinið lífi ykkar og hjarta til hans. Biðjið um að fyllast krafti hins elskaða sonar hans, hinnar hreinu ástar Krists. Þið kunnið að þurfa að gera þetta oft, en ég ber ykkur vitni um að líkami ykkar, hugur og andi geta umbreytst, hreinsast og orðið heil – og þið munuð verða frjáls. Jesús sagði: „Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér, mun ekki ganga í myrkri, heldur hafa ljós lífsins“ (Jóh 8:12).

Markmið okkar er að verða líkari frelsara okkar og verða að lokum hæf til að lifa hjá himneskum föður okkar og því þarf sérhvert okkar að finna sjálft þá máttugu gjörbreytingu hjartans sem spámaðurinn Alma lýsir í Mormónsbók (sjá Alma 5:14). Ást okkar á föður okkar á himnum og Drottni Jesú Kristi þarf að endurspeglast í daglegu vali okkar og gjörðum. Þeir hafa lofað þeim sem halda boðorð þeirra friði, gleði og hamingju.

Bræður og systur, megum við öll vera á verði gegn gerviflugum hins falska mannaveiðara, Lúsifers. Megum við hafa þá visku og andlegu innsýn að greina hin mörgu hættulegu tilboð hans og hafna þeim.

Og fyrir þau ykkar, sem orðið hafa fórnarlömb einhvers konar ávanafiknar, þá er von – vegna þess að Guð elskar öll börn sín, og von vegna friðþægingar og elsku Drottins Jesú Krists, sem gerir alla hluti mögulega.

Ég hef séð hinar undursamlegu blessanir afturbatans, sem geta leyst manninn úr hlekkjum ánetjunar. Drottinn er hirðir okkar og okkur mun ekkert skorta þegar við setjum traust okkar á mátt friðþægingarinnar. Ég veit að Drottinn getur og mun leysa hina ánetjuðu úr fjötrum þeirra, því eins og Páll postuli lýsti yfir: „Allt megna ég fyrir hjálp hans, sem mig styrkan gjörir.“ (Fil 4:13).

Megi svo verða er auðmjúk bæn mín, í nafni Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. Sem nafnorð hefur „ánetjun“ þrjár merkingar, ein þeirra er að „beygja sig undir meistara“ (www.audioenglish.net/dictionary/addiction.htm)
2. Sjá National Institute on Drug Abuse, *Drugs, Brains, and Behavior—the Science of Addiction* (2010), 18, drugabuse.gov/scienceofaddiction/sciofaddiction.pdf.
3. Sjá Erika Potter, „Drug Deaths Overtake Auto Deaths in Utah,“ des. 2009, universe.byu.edu/node/4477.
4. Sjá National Institute on Drug Abuse, „The Neurobiology of Drug Addiction,“ hluta IV, nr. 30, drugabuse.gov/pubs/teaching/teaching2/teaching5.html; sjá einnig drugabuse.gov/funding/budget08.html.